



Efni: Óveðursdagar,
staðbundið skólalald fellur niður,
ekki nám og kennsla

Menntaskólinn á Tröllaskaga
Ægisgötu 13
625 Ólafsfirði

Sími: 460 4240

www.mtr.is
mtr@mtr.is

Ólafsfirði 6. mars 2019

Efni: Óveðursdagar, staðbundið skólalald fellur niður, ekki nám og kennsla

Í vetur hafa komið upp nokkrir óveðursdagar þar sem staðbundið skólalald fellur niður og rétt að fara yfir hvað gerist í námi og kennslu í skólanum undir slíkum kringumstæðum.

Meginreglan er sú að falli skólaakstur niður frá Dalvík og Siglufirði fellur almennt skólalald niður. Einkabílar komast stundum við þessar aðstæður þar sem rútur taka á sig meiri vind og gæti því verið ófært fyrir þær þegar fólksbílar gætu komist. En þar sem margir nemendur skólans eru nýir bílstjórar var ákveðið að fylgja meginreglunni þrátt fyrir að einhver gæti komist. Ekki er byrjað skólalald síðar dags þó veður hafi lagast þar sem margir eiga um langan veg að fara til skóla og erfitt að kalla út akstur og koma skilaboðum til nemenda hvenær bifreiðar fara.

Við þetta ástand breytist nám og kennsla en það er enginn í frii, hvorki nemendur né kennarar. Nemendur hafa alltaf aðgengi að kennslu og upplýsingum á neti, vanti þá frekari leiðsögn hafa þeir aðgang að honum með þeim miðlum sem kennari hefur kynnt í Moodle í upphafi annar.

Komi upp einhverjir hnökrar á námi nemenda þannig að talið sé að kennslan á neti sé ekki nægjanleg fyrir staðnema getur kennari flutt viðfangsefni til næstu viku. Alger undantekning er að slíkt þurfi, nemendur virðast alla jafna ná námi vikunnar þrátt fyrir óveðursdag með þeirri kennslu sem er á netinu og þeim samskiptum sem þeir geta verið í við kennara sinn innan vikunnar.


Lara Stefánsdóttir
Skólameistari

Frumkvæði
Sköpun
Áræði